



Dæluþrófun og efnagreining úr
Eyvindarárdal

Árni Hjartarson

Greinargerð ÁH-88-05

DÆLUFRÓFUN OG EFNAGREINING ÚR EYVINDARÁRDAL

Við ármót Eyvindarár og Köldukvíslar hafa verið grafnir þrjú tilraunabrunnar til athugunar á vatnsöflunarmöguleikum.

Nokkrar einkennistöður:

Hæð: 110-120 m y.s.

Fjarlægð til Egisstaða 7,2 km.

Fall niður í tank 80 m.

Vatnspörf 25 l/s.

Flutningsgeta áætlaðrar leiðslu 50 l/s.

Brunnarnir eru grafnir í mjög grófa malarkeilu sem Kaldakvísl hefur borið niður í Eyvindaradal. Keila þessi þrýstir Eyvindaránni upp að hlíðarfætinum austan dals. Þar sér í klappir við ána. Innan við malarkeiluna liðast Eyvindará um sléttan dalbotninn þar sem undirlagið er fín og skuluð ármöl. Brunnarnir eru gerðir úr götuðum lýsistunnum sem soðnar hafa verið saman þrjár og þrjár.

Þann 26. maí 1988 voru gerðar grófar skammtímadæluþrófanir úr brunnunum I og II og sýni tekið til efnagreininga úr brunni I. Niðurstöður dæluþrófananna eru eftirfarandi:

Brunnur I:

Grunnvatnsborð fyrir dælingu 0,87 m.

Hiti 0,5 C°. (Hiti í Köldukvísl á sama tíma 2,1 C°).

Rennsli við 2,3 m niðurdrátt reyndist 10 l/sek.

Brunnur II:

Grunnvatnsborð fyrir dælingu 1,0 m.

Hiti 0,5 C°.

Rennsli við 2,2 m niðurdrátt reyndist 6 l/sek.

Brunnur III:

Þetta er lakasti brunnurinn að sögn Guðmundar Pálssonar Tæknifræðings Egilsstaðabæjar. Hann var ekki prófaður í þetta sinn.

Þetta er hámarksniðurdráttur í báðum brunnunum. Dæluþrófunin sýnir því hámarksafköst þeirra. Dælingin sýnir að mölin á þessum slóðum er fremur þétt og vatnsleiðni hennar ekki mikil. Ekki er þó útilokað að berti leiðni fáiist ef dýpra er grafið. Tilskyldu vatnsmagni virðist mega ná þarna en all marga brunna mun þó þurfa til.

Efnagreining á vatni úr brunni I við Köldukvísl.

<i>Númer</i>	9031
<i>Dags.</i>	260588
<i>Hiti °C</i>	0,5°C
<i>pH/°C</i>	7,0/22
<i>Ohmm/°C</i>	49/22
<i>SiO₂</i>	9,4 mg/l
<i>Na</i>	3,8 -
<i>K</i>	0,33 -
<i>Ca</i>	3,4 -
<i>Mg</i>	1,34 -
<i>CO₂</i>	12,7 -
<i>SO₄</i>	1,8 -
<i>H₂S</i>	<0,03 -
<i>Cl</i>	6,3 -
<i>F</i>	0,024 -
<i>Fe</i>	0,05 -
<i>Mn</i>	<0,05 -
<i>O₂</i>	8,5 -

Uppl.efni 34

Efnagreiningin sýnir afar lítið magn uppleystra efna í vatninu. Allar stærðir eru langt innan við hámarksstaðla heilbrigðiseftirlitsins. Ef nokkuð er aðfinnsluvert þá væri það helst að vatnið væri óþarflega efnasnautt og bragðdauft.

Skoðaðar voru eyrar í Eyvindará um 3 km neðan við Köldukvísl. Eyrarnar eru tvær. Sú efri liggur með austurlandinu undir háum malarás sem þar er, sú neðri er í miðri á. Í eyrunum er meðalgróf mól. Þær eru lágar og fara í kaf í öllum meiriháttar flóðum. Rétt neðan við þær er dálítið berghaft í ánni og flúð nokkru neðar. Tölverður halli er á ánni á þessum slóðum. Ólíklegt er að eyrarnar séu mjög þykkar. Fasta klöpp má sjá við árbakkan austan megin inn undir innri enda neðri eyrarinnar. Austurbakkinn var ekki skoðaður. Sjálfsagt er þó að athuga nánar þykkt og vatnsgæfni þessara eyra með tilliti til vatnstöku þar. Frágangur vatnsbólanna yrði að taka mið af því að allt geti farið á kaf en að öðrum klosti er hugsanlegt að gera upphækkningar og varnarmúra. Kosturinn við þetta svæði er styttri leið og öruggara fall til byggðar.